

56. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 2. og 3. september 2011 í Bolungarvík

Þinggerð

Þinggerð 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga

Árið 2011 föstudaginn 2. september kl. 10.30 haldið í Félagsheimilinu í Bolungarvík.

1. Þingsetning

Albertína F Elíasdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna. Bar hún síðan upp tillögu að þingforseta og varaþingforseta.

Þingforseti var kosinn María Elísabet Jakobsdóttir Bolungarvík, Ísafjarðarbæ, varaþingforseti var kosinn Eiríkur Finnur Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ.

Tók þingforseti, María Elísabet Jakobsdóttir við stjórn fundarins og bar upp tillögu að þingriturum.

Þingritarar voru kosnir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Súðavík, Eiríkur Kristjánsson Reykhólahrepp

Þá bar þingforseti upp tillögu að kjörnefnd:

Elías Jónatansson, Bolungarvík
Eiríkur Finnur Greipsson, Ísafirði
Jón G Jónsson, Strandabyggð
Arna Lára Jónsdóttir, Ísafirði
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafirði.

Tillagan samþykkt með lófaklappi.

Fjármálanefnd:

Elías Jónatansson, Bolungarvík.
Jón Árnason, Vesturbyggð.
Oddný S. Þórðardóttir, Árneshrepp.

Tillagan samþykkt með lófaklappi.

Kjörbréfanefnd:

Jenný Jensdóttir, Kaldrananeshreppur.
Andrea Björnsdóttir, Reykhólahrepp.
Magnús Ó. Hansson, Vesturbyggð.

Tillagan samþykkt með lófaklappi.

Þingforseti bar svo upp tillögu að formönnum nefnda samkvæmt þingsköpum Fjórðungspings Vestfirðinga:

Allsherjanefnd, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafirði.
Fjórðungsmálanefnd, Ómar Már Jónsson, Súðavík.
Fjármálanefnd, Elías Jónatansson, Bolungarvík

Tillagan samþykkt með lófaklappi.

2. Skýrsla stjórnar

Þingforseti gaf nú orðið til Albertínu F Elíasdóttur, formanns stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga og flutti hún skýrslu stjórnar. Í skýrslunni fór formaður yfir störf stjórnar á árinu en mörg veigamikil verkefni hafa verið á borði Fjórðungssambandsins. Framkvæmdastjórn fyrir Atvinnuþróunarfélagið, aukin verkefni fyrir ríkið eins og flutningur málefna fatlaðra, sóknaráætlun landhluta og samstarfsvettvangur vegna björgunaraðgerða ríkisstjórnarinnar til handa Vestfjörðum. Greindi formaður sérstaklega frá ellefu tillögum sem lagðar hafa verið fram í sóknaráætlun fyrir Vestfirði. Þá fór hún yfir það hvernig aðstæður hafa breyst frá fyrra ári vegna efnahagsástandsins í landinu. Þá greindi Albertína frá því að í þetta skiptið væri framtíð stoðkerfis atvinnulífsins og farið yrði í stefnumótun en ekki ályktanir.,

Að lokum þakkaði formaður framkvæmdastjóra og starfsmönnum Atvest sem komu að starfsemi Fjórðungssambandsins á starfsárinu og undirbúningi þingsins. Vísast hér að öðru leyti til þingskjals nr 4.

Forseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar en engar umræður voru.

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins orðið.

3. Ársreikningur 2010 endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011 og fjárhagsáætlun 2012.

Aðalsteinn Óskarsson fór yfir ársreikning fyrir árið 2010 og álit endurskoðenda. Jafnframt gerði hann grein fyrir að ekki náðist að ljúka álitu skoðunarmanna. Lagði hann fram þá tillögu að álit nefndar verði sent til sveitarfélagana eða álit verði kynnt á auka fjórðungspingi komi til þess. Aðalsteinn gerði þá grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun og rekstraráætlun fyrir árið 2011. Aðalsteinn bar upp þá tillögu að þingskjali 3 sem inniheldur ársreikning 2010, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2011 og rekstraráætlun fyrir árið 2012 yrði vísað til fjármálanefndar.

Þingforseti gaf orðið laust fyrir umræðu fyrir þessa þrjá liði. Enginn bað um orðið.

Þingforseti bar þá upp tillögu um að þingskjali 3 yrði vísað til fjármálanefndar, tillagan samþykkt samhljóða.

4. Starfsskýrsla verkefnistjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri greindi frá fyrirkomulagi Byggðasamlagsins og helstu verkefnum ársins. Þá greindi hún frá rekstrarreikningi fyrstu 6 mánuði ársins 2011. Vísast hér að öðru leyti til þingskjals númer 5.

Þingforseti opnaði fyrir umræðu þessarar skýrslu.

Aðalsteinn Óskarsson tók til máls og benti á villu í rekstrarreikningi þar sem eftir á að taka tillit til húsaleigu vegna starfsemi Byggðasamlagsins á Patreksfirði. Vantar því 360 þúsund krónur inn í gjaldalið reikningsins

Fleiri tóku ekki til máls.

5. Framlagning þingmála fyrri umræða

Mál lögð fram af stjórn FV

Albertína F Elíasdóttir formaður FV greindi frá þingmálum lögð fram af stjórn. Þau eru:

Stoðkerfi um atvinnu og byggðapróun. Málinu er vísað í frekari umræðu meðal þingfulltrúa og síðar vísað til fjórðungsmálanefndar.

Sóknaráætlun Vestfjarða. Umræða um málið vísað til laugardags og síðar til allsherjanefndar.

Albertína gerir það að tillögu sinni að ein tillaga í sóknaráætlun, Sókn í samgöngum Vestfjarða verði tekin út og sett efst á lista þegar kemur að forgangsröðun verkefna.

Þingforseti opnaði fyrir umræður en engin hvað sér hljóðs.

Mál lögð fram af þingfulltrúum.

Þingskjal númer 8. Hvalárvirkjun. Framsaga Albertína Elíasdóttir. Vísað til allsherjanefndar.

Þingskjal númer 9. Vestfjarðarvegur 60. Framsaga Albertína Elíasdóttir. Vísað til allsherjanefndar.

Þingskjal númer 10. Fiskveiðistjórn. Framsaga Sigurður Pétursson. Tillagan dregin til baka.

Þingskjal númer 11. Úthlutun á leyfum fyrir fiskeldi í Arnarfirði. Framsaga Friðbjörg Matthíasdóttir. Vísað til allsherjanefndar.

Hádegishlé til eitt.

6. Ávarp gesta

1. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, tók til máls.

Greindi hann frá verkefnum sem unnin hafa verið að hálfu ráðuneytisins, þar á meðal strandveiðar og frumvarp um stjórn fiskveiða. Greindi hann einnig frá því kappkostað sé að því að staðið verði vörð við þau störf sem eru á Vestfjörðum og heyra undir stoðkerfi atvinnugreina innan landbúnaðar og sjávarútvegsráðuneytis. Þá nefndi hann að hluti veiðigjaldsins sem til stendur að leggja á sjávarútveginn renni til sjávarbyggða. Telur hann að slíkt gjald sé á vissan hátt gjald á atvinnurekstur viðkomandi byggða og því sé eðlilegt að hluti gangi aftur til sjávarbyggða. Að lokum

þakkaði ráðherra fyrir gott samstarf undanfarin ár og óskaði þinginu alls góðs í sínum störfum.

2. Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri SSV, tók til máls.

Hrefna flutti þinginu kveðju frá stjórn samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og framkvæmdarstjóra samtaka sveitarfélaga á Norðvesturlandi. Greindi Hrefna frá samstarfi þessara þriggja landshlutasamtaka og þeirri auknu vinnu sem lögð hefur verið á landhlutasamtökin. Ítrekaði hún að öll þau nýju verkefni sem komin eru inn á borð landshlutasamtakana efla sveitastjórnarstigið en erfitt er að vinna öll þau verkefni sem lögð eru á samtökin ef ekki fylgja fjármunir því starfsmenn eru þegar hlaðnir verkefnum sem eru bundin í samningum.

3. Ásbjörn Óttarsson, alþingsmaður, tók til máls.

Færði hann kveðjur til þingsins frá þingmönnum kjördæmisins sem ekki náðu að sitja þingið. Greindi hann frá þeim verkefnum sem framundan eru hjá þingmönnum á komandi þingi. Nefndi hann þar sérstaklega ný sveitastjórnarlög og þær breytingar sem gerða verða. Nefndi hann þær fjármálaireglur sem verða settar og munu setja sveitarfélögunum ákveðnar skordur og að með nýjum sveitastjórnarlögum verði það skylt með lögum að kostnaðarreikna lagafumvörp.

7. Stoðkerfi atvinnu- og byggðarþróunar á Vestfjörðum

Albertína Fr. Elíasdóttir tekur til máls og kynnir fyrirkomulag og tildrög málsins. Greindi hún frá þeirri vinnu sem átt hafi sér stað varðandi stoðkerfið á Vestfjörðum og renndi hún lauslega yfir markmið og tilgang hvernar stofnunar fyrir sig. Þá greindi hún frá tillögu stjórnar að skoða annars vegar sameiningar í stoðkerfinu og hins vegar klasasamstarf. Gaf hún formönnum stjórna orðið og kynntu formenn sínar stofnanir.

Ómar Már Jónsson, kynnir markmið, helstu verkfæri, eigendur og fjármögnun Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Arna Lára Jónsdóttir, kynnir markmið, helstu verkefni, eigendur og fjármögnun Vaxtasamnings Vestfjarða.

Ásgerður Þorleifsdóttir, kynnir markmið, helstu verkefni, eigendur og fjármögnun Markaðsstofu Vestfjarða.

Albertína Fr. Elíasdóttir kynnir markmið, helstu verkefni, eigendur og fjármögnun Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Albertína Fr. Elíasdóttir kynnir nánar þær tvær tillögur sem stjórnin hefur ákveðið að leggja til að kosið verði á milli, klasasamstarf annars vegar og sameining hinsvegar. Lagði formaður til að þingið ræddi þessar tillögur í umræðuhópum og síðar yrði niðurstöðum úr umræðum og tillögum stjórnar vísað til fjórðungsnefndar til umræðu. Sjá þingskjal nr. 6

Var það samþykkt samhljóða.

Nefndarstörf – hópastarf.

Kaffihlé

8. Kjörbréfanefnd

Jenný Jensdóttir formaður kjörbréfanefndar kom upp og gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Öll sveitarfélög skiluðu kjörbréfum og gild kjörbréf eru 43. Mættir eru 35 þingfulltrúar sem hér segir, en ekki hafa borist umboð fyrir alla fjarverandi fulltrúa. Atkvæðavægi 9589, en þar sem ekki hafa borist umboð fyrir alla fjarverandi fulltrúa er atkvæðavægi því 8938,9.

| Sveitarfélag | Aðalfulltrúi | Heildaratkvæðavægi sveitarfélags |
|-------------------------|---|----------------------------------|
| Árneshreppur | Oddný S. Þórðardóttir | 150 (1,56 %) |
| Bolungarvíkurkaupstaður | Elías Jónatansson María Elísabet Jakobsdóttir Ylfa Mist Helgadóttir Elías Ketilsson Jóhann Hannibalsson Víðir Benediktsson (mætti ekki fyrri daginn) | 1.247,1 (15,17 %) |
| Ísafjarðarbær | Arna Lára Jónsdóttir Albertína Elíasdóttir Eiríkur Finnur Greipsson Jóna Benediktsdóttir Kristín Hálfhánsdóttir Sigurður Pétursson Kristján Andri Guðjónsson Steinþór Bragason | 3.899 (40,66 %) |
| Kaldrananeshreppur | Jenný Jensdóttir Óskar Torfason Guðbrandur Sverrisson | 336 (3,50 %) |

Jenný Jensdóttir var með umboð frá Magnúsi Ásbjörnssyni og Sunnu Einarsdóttur.

Reykholahreppur Gústaf Jökull Ólafsson 582 (6,07 %)
Andrea Björnsdóttir
Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
Eiríkur Kristjánsson
Sveinn Ragnarsson

Strandabyggð Bryndís Sveinsdóttir 762 (7,95 %)
Jón Gísli Jónsson
Jón Jónsson

Jón Jónsson var með umboð frá Kötlu
Kjartansdóttur og Jón Gísli Jónsson var
með umboð frá Ingibjörgu
Benediktsdóttur.

Súðavíkurhreppur Ómar Már Jónsson 242,4 (4,21 %)
Valgeir Rúnar Hauksson
Ester Rut Unnsteinsdóttir
Barði Ingibjartsson (mætti ekki)
Gísli Hermansson (mætti ekki)

Tálknafjarðarhreppur Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir 598 (6,24 %)
Ásgeir Jónsson
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir fer með
umboð Bjarnveigar Guðbrandsdóttur.
Ásgeir Jónsson fer með umboð Birnu
Benediktsdóttur

Vesturbyggð Arnheiður Jónsdóttir 1.122,4 (14,63 %)
Ásgeir Sveinsson (mætti ekki
fyrrri daginn)
Friðbjörg Matthíasdóttir
Ingimundur Óðinn Sverrisson
Magnús Ó Hansson

Friðbjörg Matthíasdóttir fer með umboð
Ásdísar Snót Guðmundsdóttur. Magnús
Ó. Hansson fer með umboð Guðrúnar
Eggertsdóttur.

Forseti þakkaði formanni kjörbréfanefndar fyrir.

Forseti greindi frá breytingu frá upphaflegri dagskrá en óskað var eftir því að þingið tæki
inn á dagskrá aðferð við röðun á tillögum í sóknaráætlun. Engin andmæli voru.

9. Sóknaráætlun landshluta Tillaga um störf þingsins

Albertína Fr. Elíasdóttir bar fram tillögu stjórnar um jafnt atkvæðavægi fulltrúa við

kosningu á forgangsröðun verkefna fyrir Sóknaráætlun landshluta. Þessi tillaga er ekki í samræmum við lög þingsins og óskaði hún eftir því að kosið verði um þessa tillögu.

Orðið gefið laust.

Jóna Benediktsdóttir tók til máls, taldi hún tillögurnar ekki til þess fallnar að kosningakerfi hentaði við forgangsröðun verkefna. Þar að auki kemur breytt vægi mjög illa út fyrir Ísafjarðarbæ.

Elías Jónatansson tók til máls, vitnaði hann í lög Fjórðungssambands Vestfirðing og taldi rangt að breyta frá þeirri aðferð.

Ómar Már Jónsson tók til máls, tilkynnti hann að stjórn FV hefði komist að þessari niðurstöðu til að koma til móts við minni sveitarfélögin.

Eiríkur Finnur Greipsson tók til máls, taldi hann þurfa meiri umræðu ef breyta ætti frá lögum sambandsins.

Ómar Már Jónsson, tók aftur til máls, tilkynnti hann að stjórnin hefði fallið frá þessari tillögu sinni, og ákveðið að notast við fyrri tillögu sem vísar í lög sambandsins.

10. Skýrsla fastanefndar um samgöngumál

Sigurður Pétursson, formaður fastanefndar um samgöngumál, tók til máls og kynnti skýrslu nefndarinnar.

Opnað fyrir umræðu um skýrsluna.

Steinþór Bragason tók til máls og vakti athygli á styttingu leiða með víðtækum jarðgangnaverkefnum.

Þinghlé til 10 í fyrramálið.

Laugardagur, 3. september 2011.

Þingforseti María Elísabet Jakobsdóttir setti þingið að nýju kl. 10.00.

1. Atvinnulífsgreining – Hagtölur Vestfjarða.

Neil Shiran Þórisson verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða greindi frá niðurstöðum rannsókna sem unnið hefur verið að undanfarin ár. Niðurstöðurnar eru unnar úr ársreikningum fyrirtækja og stofnanna á Vestfjörðum.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um erindið.

Sigurður Pétursson tók til máls og þakkaði Shiran fyrir góða vinnu og ítrekaði það að svona verkefni ættu Fjórðungssambandið og Atvinnuþróunarfélagið að vinna meira að. Mikilvægt er fyrir Fjórðungssambandið að hafa slíka gögn undir höndum þegar taka þarf mikilvægar ákvarðanir og ekki síður þegar berjast þarf fyrir hag fjórðungsins.

Elías Jónatansson tók til máls og þakkaði hann fyrir góða kynningu. Nefndi hann að sérstaða Vestfjarða sé augljós og sannist enn frekar með þessum haggreiningum en það er sjávarútvegurinn. Lagði hann til að auðlindagjald sem stendur til að leggja á sjávarútveginn á Vestfjörðum komi öll til baka inn á svæðið aftur, tölur sýni það og sanni að hagkerfið á Vestfjörðum má ekki við því að missa það fjármagn.

2. Ávarp gesta

Halldór Halldórsson formaður íslenskra sveitarfélaga tók til máls.

Ögmundur Jónasson Innanríkisráðherra tók til máls.

Guðbjartur Hannesson Velferðarráðherra tók til máls.

Eiríkur Finnur Greipsson tók nú við störfum þingforseta.

3. Nefndarstörf

Albertína Elíasdóttir tók til máls og kynnti vinnu við sóknaráætlun landshluta. Greindi hún frá vinnuferlinu við val á þeim ellefu tillögum sem teknar voru til fyrri umræðu á fyrri degi þingsins. Því næst voru tillögurnar ellefu útskýrðar nánar og hvernig þær falla að viðmiðum Sóknaráætlunar 2020.

Útskýrði Albertína hvernig kosning færi fram á niðurröðum tillagna og óskaði eftir umræðu um tillögurnar.

Sjá nánar þingskjal 7.

Gerði Albertína það að tillögu sinni að Sókn í samgöngum Vestfjarða verði tekin út úr atkvæðagreiðslu og sett í forgang. Óskaði hún eftir því að þingforseti setti tillöguna í atkvæðagreiðslu.

Þingforseti bar upp tillögu Albertínu um Sókn í samgöngum Vestfjarða verði sett í forgang. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti opnaði fyrir umræðu um þingskjal númer 7.

Til máls tóku:

Elías Jónatansson, Daníel Jakobsson, Ásthildur Sturludóttir

Hlé var gert á umræðum kl 12.00

Þingstörf hófust aftur kl 13.00 og óskaði formaður Fjórðungssambandsins eftir því að útskýra nánar aðferðir og útfærslur áður en umræður héldu áfram.

Albertína Elíasdóttir tók til máls og útskýrði nánar hvað lægi að baki hugmyndinni um Umhverfissvottun Vestfjarða en þar er gert ráð fyrir markaðs og ímyndarherferð. Benti hún á að inn í tillögunni um auðlindasjóð þyrfti að skerpa á í hvað væri hægt að sækja fjármagn og ætti ímyndar og markaðsherferð heima þar inni. Lagði hún áherslu á að fyrirvarinn sem gefinn hafi verið við að velja og vinna að tillögunum hafi verið stuttur og ekki hægt að bæta við tillögum til atkvæðagreiðslu.

Þingforseti opnaði aftur fyrir umræður um þingsjal nr. 7

Til máls tóku:

Arna Lára Jónsdóttir, Ómar Már Jónsson, Jón Jónsson, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Jóna Benediksdóttir

Gert var hálf tíma þinghlé.

Þingforseti tók að nýju við stjórn þingsins.

Ómar Már Jónsson formaður fjórðungsmálanefndar greindi frá nefndarstörfum og niðurstöðum umræðna um stoðkerfi atvinnu og byggðapróunar, sjá þingskjal 12.

Bar hann upp tillögu nefndarinnar að skipaður verði starfshópur sem vinni að útfærslum varðandi sameiningar í stoðkerfinu. Sjá þingskjal númer 12.

Þingforseti lagði fram til samþykktar breytingartillögu frá Jóni Jónssyni varðandi tillögu um Veg um Látrabjarg verði felld undir tillöguna Sókn í samgöngum á Vestfjörðum, sjá þingsk 8. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar upp breytingartillögu frá Jóni Jónssyni varðandi tillöguna um nýtingaáætlun strandsvæða falli undir tillöguna um Háskóla hafsins. Forseti opnaði fyrir umræður um breytingartillöguna.

Til máls tóku Arna Lára Jónsdóttir og Aðalsteinn Óskarsson

Þingforseti lagði tillöguna fram til samþykktar. Tillagan felld með meiri hluta atkvæða.

Þingforseti gaf formanni allsherjarnefndar, Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttir orðið. Greindi hún frá ályktunum allsherjarnefndar.

Forseti gaf orðið laust um þingskjöl númer 13, 14, 15 og 16. Engin hvað sér hljóðs.

Þingforseti bar upp til atkvæðagreiðslu þingskjal númer 13. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar upp til atkvæðagreiðslu þingskjal númer 14, áður þingskjal 8. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar upp til atkvæðagreiðslu þingskjal númer 15, áður þingskjal 9. Tillagana samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar upp til atkvæðagreiðslu þingskjal númer 16, áður þingskjal 11. Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingforseti bar upp tillögur varðandi sameiningar í stoðkerfi atvinnu og byggðaðróunar. Sjá þingskjal númer 6.

Forseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs.

Forseti bar upp fyrri tillögu í þingskjali númer 6. Tillagan var felld með meirihluta atkvæða.

Forseti bar upp seinni tillögu í þingskjali númer 6. Tillagan var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þingforseti bar upp tillögu frá fjórðungsmálanefnd, sjá þingskjal númer 12. Tillagan samþykkt samhljóða

Forseti bað formann kjörnefndar, Elías Jónatansson að gera grein fyrir niðurstöðum kjörnefndar.

Elías gerðir grein fyrir tillögu kjörnefndar varðandi fulltrúa í stjórn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, sjá þingskjal númer 19.

Forseti gaf orðið laust. Engin kveður sér hljóðs. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingforseti gerði grein fyrir niðurstöðum úr kosningu varðandi forgangsröðun tillagna í Sóknaráætlun fyrir Vestfirði, sjá þingskjal 18.

Þingforseti bað formann fjárhagsnefndar Elías Jónatansson, að gera grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin leggur til að ársreikningur verði samþykktur, að endurskoðuð áætlun verði samþykkt og að fjárhagáætlun 2012 verði samþykkt, allt án breytinga. Sjá þingskjal númer 9.

Þingforseti gaf orðið laust um niðurstöðu fjárhagsnefndar. Engin kveður sér hljóðs. Þingforseti ber þingskjal númer 9 upp til samþykktar í þrennu lagi:

- Ársreikningur fyrir árið 2010. Samþykktur samhljóða
- Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2011. Samþykkt samhljóða
- Fjárhagsáætlun fyrir árið 2012. Samþykkt samhljóða.

4. Önnur mál.

Þingforseti gaf orðið laust en engin hvað sér hljóð.

Þingslit

Þingforseti þakkaði fyrir umboðið og traust í sinn garð við fundarstörf og gaf varaformanni Fjórðungssambands Vestfirðinga, Friðbjörgu Matthíasdóttur, orðið til að slíta þingi. Varaformaður þakkaði þingfulltrúum fyrir góða vinnu og fyrirlesurum fyrir góð erindi. Þakkaði hún framkvæmdarstjóra og starfsmönnum fundarins fyrir allan undirbúning og skipulagningu á þinginu.

Þingi slitið kl. 14.55.

Þingritarar; Ester Rut Unnsteinsdóttir, Eiríkur Kristjánsson